

Hörgársveit

REGLUR

um útfærslu ákvæða byggingarreglugerðar um stöðuleyfi fyrir gáma og annað bráðabirgðahúsnæði

1. gr.

Reglur þessar gilda um eftirfarandi lausafjarmuni sem ætlað er að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna.

- Gámar
- Bátar
- Torgsöluhús
- Fristundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings
- Stór samkomutjöld
- Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí

2. gr.

Gámar

Sækja skal skriflega um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa. Umsóknin skal vera undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni gámsins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að gámurinn standi á.

Með umsókn skulu fylgja uppdráttir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit, gerð og fyrirkomulag.

Skilyrði fyrir að byggingarfulltrúi veiti leyfi er að útlit gáms sé gott.

Stöðuleyfi fyrir gám, sem veitt er af byggingarfulltrúa, skal ekki vera til lengri tíma en eitt ár.

Ef gámur er staðsettur án stöðuleyfis skal byggingarfulltrúi krefja eiganda hans um að fjarlægja hann innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Pegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal með það farið skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

3. gr.

Bátar

Sækja skal skriflega um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa. Umsóknin skal vera undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni bátsins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að báturinn standi á.

Með umsókn skulu fylgja uppdráttir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu og hvernig fokvörnum og öðrum öryggisatriðum er háttað.

Ef bátur er staðsettur án stöðuleyfis skal byggingarfulltrúi krefja eiganda hans um að fjarlægja hann innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Pegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal með það farið skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

4. gr.

Torgsöluhús

Sækja skal skriflega um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa. Umsóknin skal vera undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni torgsöluhússins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að torgsöluhúsið standi á.

Með umsókn skulu fylgja uppdráttir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit, gerð og fyrirkomulag.

Stöðuleyfi fyrir torgsöluhúsi, sem veitt er af byggingarfulltrúa, skal ekki vera til lengri tíma en 4ra mánaða.

Ef torgsöluhús er staðsett án stöðuleyfis skal byggingarfulltrúi krefja eiganda þess um að fjarlægja það innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Pegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal með það farið skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

5. gr.

Frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings

Sækja skal skriflega um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa. Umsóknin skal vera undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni frístundahússins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að frístundahúsið standi á.

Með umsókn skulu fylgja uppdráttir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð.

Stöðuleyfi fyrir frístundahús, sem veitt er af byggingarfulltrúa, skal ekki vera til lengri tíma en eins árs.

Ef frístundahús er staðsett án stöðuleyfis skal byggingarfulltrúi krefja eiganda hans um að fjarlægja hann innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Pegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal með það farið skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

6. gr.

Stór samkomutjöld

Sækja skal skriflega um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa. Umsóknin skal vera undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni samkomutjaldsins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að samkomutjaldið standi á.

Með umsókn skulu fylgja uppdráttir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit, gerð og hvernig fokvörnum og öðrum öryggisatriðum er háttað.

Skilyrði fyrir að byggingarfulltrúi veiti leyfi er að útlit samkomutjaldsins sé gott.

Stöðuleyfi fyrir samkomutjald, sem veitt er af byggingarfulltrúa, skal ekki vera til lengri tíma en 4ra mánaða.

Ef samkomutjald er staðsett án stöðuleyfis skal byggingarfulltrúi krefja eiganda þess um að fjarlægja það innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Pegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal með það farið skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

7. gr.

Hjólhýsi

Sækja skal skriflega um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa. Umsóknin skal vera undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni hjólhýsisins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að hjólhýsið standi á.

Með umsókn skulu fylgja uppdráttir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit, gerð og fyrirkomulag.

Stöðuleyfi fyrir hjólhýsi, sem veitt er af byggingarfulltrúa, skal ekki vera til lengri tíma en eitt ár.

Ef hjólhýsi er staðsett án stöðuleyfis skal byggingarfulltrúi krefja eiganda þess um að fjarlægja það innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Pegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal með það farið skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

8. gr.

Að öllu öðru leyti en að framan greinir gilda ákvæði byggingarreglugerðar um stöðuleyfi gáma, báta, torgsöluhúsa, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, stórra samkomutjalda, hjólhýsa.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd 26. febrúar 2018

Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 15. mars 2018